

Conan Doyle

og lífið eftir dauðann.

Sir Arthur Conan Coyle hafði mjög til að bera ýmsa þá kosti, sem taldir eru prýða brezkan fyrirmann. En þar að auki var hann eitt af víðfrægustu sagnaskáldum. Sögufræðingur var hann einnig (historian), því að hann ritaði sögu Búastríðsins og síðan styrjaldarinnar miklu, svo að mikið þótti til koma. En frægastur varð þó Conan Doyle sem spíritisti og fyrir hið risavaxna starf sitt í þágu þeirrar stefnu. Ferðaðist hann víða um Evrópu, Ameríku, Ástralíu og Afríku, og flutti erindi fyrir hundruðum þúsunda. Er mér, af ritum hans, einkum kunnugt það, sem hann skrifaði um þessar ferðir sínar. Hefi ég lesið þær bækur allar og þótt fróðlegar mjög: *The Wandering of a Spiritualist*, um ferðir hans í Ástralíu og Nýja Sjálandi; *Our American Adventure* og *Our second American Adventure*, um ferðir hans í Ameríku; og loks, *Our African Winter*, um ferð hans í Afríku; hefi ég ekki aðra bók lesið, er mér hafi fróðlegri þótt um þessa einkennilegu og stórbrotnu heimsálfu.

Menn, sem líta á spíritismann frá sjónarmiði einfeldninnar og vanþekkingarinnar, hafa stundum reynt að skrifa um Conan Doyle eins og hann hafi verið maður trúgjarn og grunnhygginn. En slíkt nær vitanlega engri átt; hann var vitur maður og víðmentaður, hafði tekið próf í læknisfræði við háskólann í Edinborg, en stundað síðan framhaldsnám í Vínarborg.

Enn er ótalinn sá kostur þessa mikla manns, sem

engan veginn er altaf samfara krafti og skörungsskap, en þó má ekki án vera, ef í sannleika á að geta heitið ágætismaður: hann var góðgjarn og hjálpsamur. Get ég um þetta borið af eigin reynd. Conan Doyle sá í þar-
lendu tímariti grein, þar sem minst var á mig, og sendir mér greinina. Var það, í fyrsta lagi, meir en lítið vel gert af manni, sem kunningja átti í öllum heimsálfum og flestum löndum, að muna eftir mér; og í öðru lagi lýsir það mikilli góðvild, að honum skyldi hugsast að gleðja mig með því að senda mér greinina. Hann hafði aðeins séð nafn mitt í fáein skifti, og félst ekki á kenningu mína, þó að hins vegar megi sjá þess glögg merki á sumu því, sem hann hefir ritað, að nokkur áhrif hefir hún haft á hann. Og nú getur þessi ágæti kappi á sjálfum sér séð, að ég hefi fullkomlega rétt að mæla; nú hefir hann fengið laun góðvildar sinnar gagnvart mér á þann hátt, að honum hefir orðið eitt og annað auðveldara, þegar »yfir um« kom, fyrir það, að honum var ekki alveg ókunnugt um hið rétta, eins og því er haldið fram í ritgerðum mínum. Nú hefir hann getað gengið úr skugga um það, að eftir dauðann er maðurinn engu síður líkamleg vera en hann var áður, og engu síður jarðneskur, þó að jörðin sé önnur. Nú hefir hann getað sannfært sig um, að lífið eftir dauðann heyrir undir lífræðina (biology), engu síður en lífið fyrir dauðann, og að öll dulýðgi (mysticism) er sprottin af misskilningi. Það er hinn afleitasti misskilningur, svo afleitur, að hann bannar allar verulegar framfarir í þessu mikla máli, að ímynda sér að framhald lífsins sé í andlegum heimi. Munurinn á lífinu fyrir og eftir dauðann er minni en sá munur, sem er á lífi mannsins fyrir og eftir fæðinguna. Þegar Conan Doyle hefir skilið þetta, þarf ekki að efa, að áhuginn á að koma þessum sannleika fram, verður

mikill. Annað mál er, hversu fljótt það muni takast. Annar mikill áhugamaður, W. T. Stead, hefir lengi verið að reyna að koma einmitt þessum tíðindum fram, en árangurinn orðið lítill. Þó má svo heita, að alstaðar þar, sem framliðnir reyna til að lýsa lífinu eftir dauðann, komi greinilega í ljós, að um líkamlegt líf á öðrum jörðum er að ræða. Ég ætla að nefna hér gott dæmi þess, hve lítinn ávöxt það hefir borið, þó að tekist hafi að koma fram, handan að, nákvæmlega rétttri tilsögn. Dæmið er tekið úr gömlum bæklingi eftir hinn fræga miðil og prest, Stainton Moses (*Visions: sýnir*) sbr. »Light« 1. marz 1930. St. Moses situr morguninn 4. sept. 1877 við vinnu sína; verður hann þá skygn og sér hérað í andalandinu, er hann nefnir svo (*Spirit-land*). Er þar friðsælt land að líta yfir, næst honum graslendi nokkuð öldótt, og liður þar fram á lygnum straumi, en nokkru fjær sér hann strjál hús, gerð af einhverju gagnsæu efni, sem líkist bergkrystalli; en í kringum þau eru mjög fagrir garðar með gosbrunnum og ávaxtahúsum. »Andi« gefur honum þessa skýringu: »Þetta, sem þitt andlega auga sér, er táknelegt: the scene your spiritual eye beholds is a symbolic one. »Það er í raun og veru, en er ekki til nema í sjálfum þér: it is real but it is not objective.

Náttúrlega er þetta versta þvaður, og »andinn« hefir ekki sagt neitt slíkt, eins og seinna kemur í ljós. Ennfremur segir »andinn« (að því er St. Moses heldur): »Við þekkjum engan tíma eða rúm, og mér hefir verið gert mögulegt að setja þessa sveit, sem þú hefir séð, fyrir þín andlegu augu«. Að »andarnir« þekki ekki tíma eða rúm, er vitanlega þvaður, og það sem »andinn« hefir verið að reyna að fræða St. Moses um, er sennilega það, að þrátt fyrir þá miklu fjarlægð, sem er á

milli hnatta í himingimnum, hafi sér tekist að láta St. Moses sjá það, sem hann (andinn) sjálfur sér, þar sem hann er staddur á annari stjörnu. Nú kennir »andinn« St. Moses ráð til þess að auka svo sambandið á milli þeirra, að eigi einungis sér St. Moses það, sem »andinn« sér, heldur finst honum einnig sem hann sé þar sjálfur kominn. Sér hann þar skorkvikindi og ýmislega lita fugla, en engin spendýr eða skriðdýr. Nú getur hann líka virt fyrir sér húsin, sem áður getur um, og sér hann þar fólk, sem er dáið, og hann hafði þekt sumt, hér á jörðu. En alt er þetta, sem sagt er frá, draumur, þó að í vöku sé, eða megi heita, og nákvæmlega eins til kominn og það, sem mann dreymir í svefni. Þegar St. Moses er aftur kominn í sitt vanalega ástand, þá spyr hann »andann« nokkurra spurninga, og er þessi fróðlegust: Er þetta, sem ég hefi séð, eins til í raun og veru og í sama skilningi og það, sem oss ber fyrir augu hér á jörðu?: Are those scenes real in the same sense as scenes in our world? Svarið er á þessa leið, og notar »andinn« hönd St. Mosesar til að rita það: Nákvæmlega eins: in precisely the same sense. Með þessu svari er greinilega látið í ljós, að hið framliðna fólk, sem St. Moses sér þarna með tilstuðlun »andans«, sé ekki í neinni 4. rýmd (dimension) eða andaheimi, heldur á annari jarðstjörnu, og sýnir svarið einnig mjög fróðlega, að hið fyrra svar, sem getið var um, er ekki annað en þvaður. En þó að fræðsla þessi sé góð og greinileg, þá verður ekki séð, að hún hafi vakið nokkurn minsta grun um það hjá St. Moses, hvers eðlis lífið eftir dauðann er í raun og veru, og má af þessu marka, eins og mörgu öðru, hversu máttugar rangar fyrirframsannfæringar (prejudices) eru, til að koma í veg fyrir réttan skilning. Og ég get nefnt annan merkan og gáfaðan

mann, skáldið Einar H. Kvaran, til dæmis um hve erfitt er, jafnvel nú, meir en hálfri öld seinna, að koma fram hinum rétta skilningi á þessu afaráreiðandi líffræðiatriði: hvernig framlífinu er háttað. Kvaran kemst svo að orði í »Morgni« 1930, s. 127: »Rétt virðist mér að benda á það, þó að þess gerist ef til vill ekki brýn þörf, hve fjarri hugsanaferill þessa vísindamanns [Sir Oliver's Lodge] er þeim hugmyndum, sem *komist hafa inn hjá sumum hér á landi*¹⁾, að vér eigum eftir andlátíð að fá jarðneskan líkama á einhverri annari plánetu en vér búum nú á«. Má af þessum orðum marka, að hinu ágæta skáldi finst lítið um það, sem framtíðin mun telja þá merkilegustu uppgötvun í líffræði, sem enn hefir gerð verið. En ekki er það nein furða, þó að jafnvel gáfuðum mönnum verði erfiðara um hinn rétta skilning, þegar annar eins maður og Sir Oliver Lodge heldur fram þeirri afleitu fjarstæðu, að lífið hafi aðeins um stundarsakir samband við efnið. En sannleikurinn þó á þá leið, að vér getum alls ekki hugsað oss líf án sambands við efni, og tilgangurinn með lífinu bersýnilega sá, að ná fullum tókum á þessu, sem vér köllum efni, og koma fram, gersamlega, öllum möguleikum þess til góðs, en girða fyrir hina.

Örðugleikarnir á að koma fram hinum rétta skilningi eru að vísu miklir, en aðstaðan þó miklu betri en áður hefir verið. Og telja má víst, að viðleitnin að handan á að fá þá, sem miðilfundi stunda, til að átta sig á þessum efnum, muni eignast öflugan liðsmann, þar sem er hinn framliðni Arthur Conan Doyle.

21. ágúst.

Helgi Pjeturss.

1) Leturbreytingin eftir mig. *H. P.*